

# Mannréttindaskrifstofa Íslands

Laugavegi 7 • 3. hæð • 101 Reykjavík  
Sími: 552 2720 • Fax: 552 2721 • e-mail: icehr@humanrights.is

Allsherjarnefnd Alþingis  
Nefndasvið Alþingis  
Pórshamri v/Templarasund  
150 Reykjavík

Alþingi  
Erindi nr. P 125/1720  
komudagur 26. 4. 2000

Reykjavík, 25. apríl 2000

Meðfylgjandi er umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála og almennum hegningarlögum (nálgunarbann).

Virðingarfyllst,

  
Bjarney Friðriksdóttir  
framkvæmdastjóri

# Mannréttindaskrifstofa Íslands

Laugavegi 7 • 3. hæð • 101 Reykjavík

Sími: 552 2720 • Fax: 552 2721 • e-mail: icehr@humanrights.is

Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála og almennum hegningarlögum (nálgunarbann).

Mannréttindaskrifstofan telur ástæðu til þess að hugtakið "rökstudd ástæða" verði skýrt í lagatextanum sjálfum í stað þess að leggja það alfarið á mat dómara hvort hann telji rökstudda ástæðu til að sakborningur muni fremja afbrot eða raska friði annars manns. Hafa verður í huga að með ákvörðun dómara um bann er verið að takmarka frelsi þess sem bannið beinist gegn og því nauðsynlegt að tryggja réttaröryggi á þessu sviði sem öðrum (gr. 110a).

Svo virðist sem ekki sé gert ráð fyrir að sakborningur eigi kost á að halda uppi vörnum að neinu ráði í nálgunarbannsmáli. Er gert ráð fyrir að sakborningur fái tvo sólarhringa til að undirbúa vörn sína frá því að honum eru kynnt gögn málsins. Svo þröng mörk eru andstæð ákvæðum gr. 6.3 c) í Mannréttindasáttmála Evrópu, sem tryggir sakborningum rétt til nægilegs tíma og aðstöðu til að undirbúa vörn sína. Í greinargerð um 110 gr. c segir m.a. að ekki sé gert ráð fyrir mikilli gagnaöflun fyrir dómi, en vafi um réttmæti kröfu leiði til þess að henni verði hafnað. Þess er hér að geta að líklegt er að dómari rannsaki málatilbúnað lögreglu í upphafi og synji um að gefa út kvaðningu telji hann málatilbúnaði áfátt. Gefi dómari hinsvegar út kvaðningu hefur hún/hann að nokkru tekið afstöðu til gildis málatilbúnaðarins. Því verður að gefa þeim sem krafan beinist að kost á að halda uppi vörnum meðal annars með því að spyrja vitni lögreglunnar og þau vitni sem sakborningur leiðir sjálf/ur.

Vakin er á því athygli að í athugasemdum við a-lið í greinargerð segir að leggja megi á nálgunarbann þótt aðeins megi gera ráð fyrir "ónæði" af hálfu þess sem bannið beinist gegn. Athugasemdin samræmist ekki orðalagi a-liðar þar sem skilyrði er afbrot eða röskun á friði. Benda þessi ummæli ennfremur til þess að endurskoða þurfi textann.